

2. kafli – Nöfn

Mannanöfn 1. janúar 2013

Aron var vinsælasta eiginnafn nýfæddra drengja árið 2012 en Emilía vinsælasta stúlkunafnið. Bæði nöfnin voru einnig vinsælust árið 2011.

Þór var langvinsælasta annað eiginnafnið hjá drengjum, en þar á eftir Logi og Ingi. Ósk var vinsælasta annað eiginnafnið hjá stúlkum ásamt Maríu, en þessi nöfn hafa verið í fyrsta og öðru sæti undanfarin ár. Á eftir þeim kom stúlkunafnið Lilja sem þriðja vinsælasta síðara eiginnafn nýfæddra stúlkna.

Þegar litið er á allan mannfjöldann í ársbyrjun 2013 voru 10 algengustu einnefnin og fyrstu eiginnöfnin alveg þau sömu og árið 2008. Hjá körlum var Jón algengasta nafnið, þá Sigurður og svo Guðmundur. Tíu algengustu nöfnin hafa verið þau sömu frá 2008 nema hvað Kristján er nú í 7. sæti í stað Magnúsar sem færast niður um eitt sæti. Af kvenmannsnöfnum er Guðrún algengast, þá Anna og svo Kristín.

Flestir landsmenn bera fleiri en eitt nafn. Í ársbyrjun 2013 voru þrjár algengustu samsetningarnar hjá körlum Jón Þór, Gunnar Þór og Jón Ingi. Þetta voru einnig algengustu tvínefnin fimm árum fyrr. Hjá konum voru þrjár algengustu samsetningarnar Anna María, Anna Margrét og Anna Kristín. Þetta voru líka þrjú algengustu tvínefnin árið 2008. Kvenmannsnafnið Anna er hins vegar afar algengt sem fyrra nafn, en það reyndist fyrra nafnið í sex af 10 algengustu tvínefnunum.

Afmælis dagar á Íslandi dreifast ekki jafnt yfir árið. Algengara er að börn fæðist á sumrin og á haustin en yfir vetrarmánuðina, frá október og fram í mars. Alls eru 51,6% allra afmælis daganna frá apríl til september. Í upphafi árs 2013 gátu flestir átt von á því að halda upp á afmælis daginn 27. ágúst, alls 1.002 einstaklingar. Fæstir áttu afmælis dag á hlaupársdag, 29. febrúar, eða 208 manns. Að öðru leyti eru jóladagur (699) og gamlársgæfir afmælis dagar ásamt öðrum hátíðisdögum um jólin.

Hagstofa Íslands

Verkefni 2.1

1. Finndu samheiti við orðin *stúlka* og *drengur*. Þú getur t.d. farið á snara.is og flett upp í Íslenskri samheitaorðabók.

2. Hvað er rétt?

- Nöfnin Jón og Guðrún voru algengustu nöfnin á Íslandi í ársbyrjun 2013.
- Nafnið Aron var algengasta nafn sem litlir strákar fengu á Íslandi árið 2012.
- Nafnið Aron var algengasta karlmannsnafnið á Íslandi árið 2012.

3. Parið saman setningahlutana.

Margir	eiga afmæli á hlaupársdag
Fleiri Íslendingar	heita Jón
Færri Íslendingar	heita fleiri en einu nafni
Flestir Íslendingar	eiga afmæli á gamlársdag
Fáir Íslendingar	eiga afmæli á veturna en á sumrin og haustin
Fæstir Íslendingar	eiga afmæli á sumrin og haustin en á veturna

4. Hver eru algengustu tvínefnin hjá körlum og konum?

5. Jón er algengasta nafn á nýfæddum drengjum.

- Rétt
 Rangt

6. Hvað áttu margir einstaklingar afmæli 27. ágúst? Skrifðu töluna með bókstöfum.

Nöfn og nafnvenjur

Íslendingar heita einu til þremur eiginnöfnum og bera kenninafn (föðurnafn og/eða móðurnafn) eða ættarnafn. Þegar Íslendingar kynna sig nota þeir yfirleitt aðeins eiginnafn sitt (eða eiginnöfn sín). Þeir nota ALDREI eingöngu kenninafn eða ættarnafn.

Mannanafnalög

Lög um íslensk mannanöfn voru fyrst sett árið 1913. Elstu heimildir um ættarnöfn eru frá 17. öld en árið 1925 var bannað að taka upp ný ættarnöfn og var það gert til þess að viðhalda þeirri gömlu hefð að kenna sig við föður. Árið 1991 var mannanafnanefnd skipuð og hlutverk hennar er að halda skrá um leyfileg nöfn. Ef foreldrar vilja gefa barni sínu nafn sem ekki er í skránni þurfa



þeir að sækja um leyfi hjá mannanafnanefnd. Á síðunni vefur.island.is/mannanofn er hægt að skoða mannanafnaskrána og finna meginreglur um mannanöfn. Þarna er t.d. hægt að sjá öll nöfn sem mannanafnanefnd hefur leyft og hafnað. Á Wikipediu er hægt að skoða síðu sem heitir *Íslensk mannanöfn eftir notkun*. Þar eru listar með nöfnum sem hafa fleiri en þúsund nafnhafa, færri en þúsund nafnhafa o.s.frv.

Flest mannanöfn á landnámsöld (874–930) voru norræn að uppruna: Gunnar, Gísli, Þorsteinn, Hallgerður, Bergþóra. Margir keltar voru líka hér á landnámsöld: Njáll, Kjartan, Melkorka. Biblíunöfn hafa verið notuð frá því kristni var lögtekin árið 1000: María, Davíð, Rebekka. Dönsk áhrif sjást í elsta íslenska manntalinu frá 1703: Soffía, Jens. Rétt fyrir 1950 fóru Íslendingar að nota nöfn af engilsaxneskum uppruna: Bettý, Dennis. Önnur nöfn sem Íslendingar nota eru lengra að komin: Stella, Óliver, Olga, Tanja. Mörg mannanöfn eru úr skáldsögum og ljóðum: Hrefna, Erla, Andri, Hrappur, Mörður, Hallgerður. Árið 1991 voru leyfð þrjú eiginnöfn í stað tveggja áður.

Verkefni 2.2

1. Skoðaðu ættartré Árna og svaraðu spurningunum


Fullt nafn: Árni Þorsteinn Zakaríasson

Eiginnafn: Árni Þorsteinn

Kenninamn/föðurnamn: Zakaríasson

Fyrri nafn: Árni

Seinna nafn: Þorsteinn



a) Hvað heitir hann? _____

b) Hvers son er hann? _____

c) Hvað heita foreldrar hans? _____

d) Hvað heita afar hans? _____

e) Hvað heita langömmur hans í móðurætt? _____

f) Hvað eru margir ættliðir í ættartrénu? _____

2. Finnið karlmanns- og kvenmannsnöfn.

Hallur, Tryggvi, Bára, Sigríður, Herdís, Jónína, Hallgrímur, Bjarki,
Ágúst, Konráð, Ólafur, Erla, Hulda, Gunnar, Birna, Sigrún, Trausti,
Páll, Elín, Þorgerður

3. Hvernig er hægt að giska á hvort nöfn eru karlmannsnöfn eða kvenmannsnöfn?

4. Hvað merkir nafnið þitt? _____

5. Ertu nefnd/nefndur eftir einhverjum eða í höfuðið á einhverjum? _____

6. Veistu af hverju þú heitir því nafni sem þú berð? _____

7. Skoðaðu mannanöfn á Íslandi og veldu íslenskt nafn í mannanafnaskrá eða á Wikipediu. Skoðaðu upplýsingar um nafnið á snara.is (Nöfn Íslendinga). Er uppruni nafnsins þekktur? Merkir það eitthvað? Er þetta tókunafn?

8. Arnaldur Indriðason er frægur íslenskur glæpasagnahöfundur. Þú þarft að skrifa honum tölvupóst. Hvernig ávarpar þú hann? Skrifðu rétt nafn í eyðuna.

Kæri _____.

Gælunöfn

Íslensk mannanöfn eru oft stytta og kallast þá gælunöfn. Við segjum:

- Hann heitir Jón en hann er kallaður Nonni

- Hún heitir Sigríður en hún er kölluð Sigga

Elín	Ella
Guðrún	Gunna
Jón	Nonni
Margrét	Magga
Ólafur	Óli

Verkefni 2.3

1. Þekkið þið fleiri íslensk gælunöfn?

2. Finnið gælunöfn fyrir eftirfarandi karlmanns- og kvenmannsnöfn.

Gunnar	_____	Kristín	_____
Haraldur	_____	Ingunn	_____
Magnús	_____	Kolbrún	_____
Páll	_____	Ragnhildur	_____
Ragnar	_____	Sigríður	_____
Sigurður	_____	Sólveig	_____
Tómas	_____	Vigdís	_____
Þórarinn	_____	Þórunn	_____

3. Hvað einkennir gælunöfn? Hvernig eru endingarnar? Hvernig eru hljóðin? Af hverju?

4. Talið fjögur saman og finnið íslensk nöfn og gælunöfn fyrir ykkur.

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____

Hvað á barnið að heita?

Fólki finnst gaman að tala um hverjum barnið er líkt, bæði í útliti og í hegðun. Er barnið líkt föður sínum eða móður sinni? Er barnið kannski bara líkt sjálfu sér? Hvað fær barnið í arf? Hvernig mótast umhverfið barnið?

*Fjórðungi bregður til móður,
fjórðungi bregður til föður,
fjórðungi bregður til fósturs
og fjórðungi bregður til nafns.*

Í þulunni er sagt að barnið líkist móður sinni að einum fjórða hluta (fjórðungur = ¼) og föður sínum að einum fjórða, þ.e. erfðir móta útlit og hegðun barnsins. „Fjórðungi bregður til fósturs“, segir í Njáls sögu en það merkir að barnið líkist fósturforeldum að einum fjórða hluta, sem skilja má þannig að umhverfið mótast hegðun barnsins. Í síðustu línu þulunnar segir að nafnið móti barnið líka, þ.e. barnið er líka sérstakt í útliti og hegðun. Þess vegna vilja sumir foreldrar velja sérstakt nafn á barnið sitt. Þeir vilja að barnið þeirra verði sérstakt, ekki alveg eins og einhver annar. Sumir búa til nýtt nafn sem hefur aldrei verið notað í íslensku áður. Aðrir velja sérstök nöfn persóna úr skáldsögum. Nöfnin Úa, Uglá og Blær eru t.d. öll úr skáldsögum eftir Halldór Laxness.

Örfá íslensk nöfn eru borin bæði af körlum og konum. Nafnið Blær er upphaflega notað sem karlmannsnafn en var fyrst notað sem kvenmannsnafn í bókinni *Brekkukotsannáll* eftir Halldór Laxness. Á vísindavef Háskóla Íslands, undir svörum í flokknum málvísindi: íslensk, er skemmtileg grein sem heitir *Hvort er Blær kvenmanns- eða karlmannsnafn?*

Á Íslandi kenna foreldrar stundum börn við móður en ekki föður. Þetta er fremur nýtt á Íslandi en verður æ algengara. Dæmi um þetta eru þó til í íslenskum fornsögum. Sumir nota bæði föður- og móðurnafn. Þannig geta börn borið kenninafnið Guðrúnar- og Markússon o.s.frv.

Verkefni 2.4

1. Farðu á *Beygingarlýsingu íslensk nútímamáls* (bin.arnastofnun.is) og athugaðu hvernig kvenmannsnafnið Blær beygist.

2. Farðu aftur á beygingarlýsinguna og athugaðu hvernig karlmannsnafnið Blær beygist.

3. Farðu á sömu síður og athugaðu hvernig karlkynsnafnorðið *blær* beygist. _____

4. Farðu í orðabók og athugaðu hvað karlkynsnafnorðið *blær* merkir. _____

5. Farðu á vef Hagstofu Íslands (hagstofa.is) og athugaðu (undir *ibúar > fæddir og dánir > nöfn*) hversu margir bera nafnið Blær sem fyrsta eiginnafn og hversu margir bera það sem annað eiginnafn.

6. Hvað finnst þér um að nota sama nafn fyrir stráka og stelpur? Er það algengt í heimalandi þínu?

7. Hver er munurinn á kenninöfnunum Ólafsdóttir og Ólafardóttir? _____

8. Leitaðu að kenninöfnum á netinu sem eru móðurnöfn. Mundu að setja móðurnafnið í eignarfall og búa til samsett kenninafn sem endar á -son eða -dóttir.

Fallbeyging sérnafna

Í íslensku hafa sérnöfn fjögur föll eins og önnur nafnorð; nefnifall, þolfall, þágufall og eignarfall. Íslendingar hafa líka tilhneigingu til að fallbeygja erlend mannanöfn; Beata verður Beötu í aukaföllum, Tom verður Toms í eignarfalli o.s.frv. Á vefnum Beygingarlýsing íslensks nútímamáls (bin.arnastofnun.is) má sjá beygingu íslenskra mannanafna.

Frumlög í íslensku eru oftast í nefnifalli → *Inga* fór í gær. *Ingi* fer í dag.

Forsetningin *um* stjórnar alltaf þolfalli → Sagan eru um *Sigurð* og *Ingu*.

Forsetningin *frá* stjórnar alltaf þágufalli → Gjöfin er frá *Sigríði* og *Inga*.

Forsetningin *til* stjórnar alltaf eignarfalli → Ég fer til *Sigurðar* á morgun.

	karlmannsnöfn		kvenmannsnöfn	
nefnifall	Sigurður	Ingi	Sigríður	Inga
þolfall	Sigurð	Inga	Sigríði	Ingu
þágufall	Sigurði	Inga	Sigríði	Ingu
eignarfall	Sigurðar	Inga	Sigríðar	Ingu

Verkefni 2.5

1. Settu nöfnin í rétt fall.

- _____ (Sigurður) bauð mér í heimsókn.
- _____ (Ingi) fékk fallegar buxur frá _____ (Sigríður) í afmælisgjöf.
- _____ (Inga) fór til _____ (Sigurður) í gær.
- Við töluðum lengi um _____ (Ingi) og _____ (Sigríður).
- Hvenær ferðu til _____ (Inga)?
- Ég fékk jólagjöf frá _____ (Sigurður Ingi) og _____ (Sigríður Inga).

2. Hugsaðu þér mann sem heitir Gylfi Már Einarsson. Hvernig beygist nafn hans (bin.arnastofnun.is)?

Hér er _____

Við töluðum um _____

Gjöfin er frá _____

Við fórum til _____

3. Hugsaðu þér konu sem heitir Alda Mjöll Gunnarsdóttir. Hvernig beygist nafn hennar (bin.arnastofnun.is)?

Hér er _____

Við töluðum um _____

Gjöfin er frá _____

Við fórum til _____

